

Nd.

36. Breytingartillaga

[6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Á eftir B. 7 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Skorradalsvegur: Frá Háafelli um Fitja að Efstabæ.
2. Á eftir B. 8 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
Svinadalsvegur: Frá þjóðveginum hjá Hóli, norðan Laxár, á þjóðveginn í Kornahlíð, gegnt Geitabergi.
3. Á eftir B. 14 í sömu lagagr. koma nýir liðir:
 - a. *Flókadalsvegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja, upp Flókadal um Skóga að Brennistöðum.
 - b. *Reykdælavegur*: Af þjóðveginum hjá Kleppjárnsreykjum, sunnan Reykjadalsár, að brúarstæði á Reykjadalsá undan Steindórsstöðum.